

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 52/2004

frá 23. apríl 2004

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hlíðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2004 frá 19. mars 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1669/2003 frá 1. september 2003 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 að því er varðar raðir gagna sem taka skal saman fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2701/98 um raðir gagna sem taka skal saman fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda í Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2701/98):

„- **32003 R 1669**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1669/2003 frá 1. september 2003 (Stjtið. ESB L 244, 29.9.2003, bls. 57).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1h (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1668/2003):

„1i. **32003 R 1669**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1669/2003 frá 1. september 2003 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 að því er varðar raðir gagna sem taka skal saman fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2701/98 um raðir gagna sem taka skal saman fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja (Stjtið. ESB L 244, 29.9.2003, bls. 57).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 127, 29.4.2004, bls. 144 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 22, 29.4.2004, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 244, 29.9.2003, bls. 57.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1669/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.